# MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

*– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017*

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

| | |
|---|---|
| **Málsheiti og nr.** | Frumvarp til laga um sanngirnisbætur. |
| **Ráðuneyti** | Forsætisráðuneytið. |
| **Stig mats** | ☐ Frummat, sbr. 1. gr.<br>☒ Endanlegt mat, sbr. 10. gr. |
| **Dags.** | 2. desember 2022. |

## A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. **Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs**
   a) Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins? – Engin.
   b) Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum. – Gert er ráð fyrir að þar sem þegar hafi farið fram fjölmargar rannsóknir á einstökum vist- og dvalarheimilum einstakra hópa sé fjöldi þeirra sem sótt geti bætur á grundvelli hinnar fyrirhuguðu lagasetningar óverulegur. Þá má búast við að þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að hámarks bótafjárhæð sé óveruleg (í mörgum tilvikum verði bætur lægra hlutfall af hámarks bótafjárhæð) og þar sem ekki verður þá þörf á stórum, tímafrekum og fjárhagslega dýrum rannsóknum varðandi tiltekna hópa, verðir kostnaður af lagasetningunni í lágmarki.
   c) Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg? – Varanleg.
   d) Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldaþróun. – Gert er ráð fyrir að hámarksbætur til einstaklinga séu 3 millj. kr. en í mörgum tilvikum verður um lægri bótafjárhæð að ræða (hlutfallsbætur greiddar að álitum).
   e) Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlið og gjaldahlið en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu.
2. **Tekjubreytingar.** – Engin áhrif.
   – Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum
3. **Útgjaldabreytingar.** – Ekki er gert ráð fyrir að hin fyrirhugaða lagasetning hafi áhrif á útgjöld dómsmálaráðuneytisins þar sem þegar er mannafli sem sinnir sanngirnisbótum í ráðuneytinu og getur sinnt þeirri grunnrannsókn sem miðað er við að sinnt sé þar. Hins vegar verða skipaðir alls tíu nefndarmenn í þær tvær nefndir sem ætlað er að fjalla um einstaka umsóknir og taka ákvarðanir um bætur. Þá er hugsanlegt að matsnefndsanngirnisbóta ráði starfsfólk í samráði við ráðuneytið.
   – Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum
4. **Eignabreytingar.** – Engar.
   – Sjá sérstakan gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum
5. **Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál**
   a) Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum
   b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál

c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs
d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur
e) Rekstrarform ríkisstarfsemi
f) Opinber innkaup og útboð
g) Eignaumsýsla ríkisins
h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna
**i)** Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.

## B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. **Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:**
   a) í gildandi fjárlögum – Nei.
   b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs – Nei.
   c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar – Nei.
2. **Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?** Með auknu fjármagni til málaflokksins á næstu fjárlögum. Þess má vænta að eftir að hin áformaða lagasetning verður að lögum frá Alþingi taki tíma að setja á fót þær nefndir sem gert er ráð fyrir að einkum sinni verkefninu og byrja að taka við umsóknum frá einstaklingum. Þá mun rannsókn málanna taka tíma, sérstaklega í upphafi og því vart við því að búast að fyrstu ákvarðanir um bætur liggi fyrir fyrr en í lok næsta árs.
3. **Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?** Nei.

## C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. **Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið. –** Á ekki við.
2. **Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999. –** Á ekki við.
   – Sjá leiðarvísinn „Grunnmat á eftirlitsreglum“
3. **Samkeppnisskilyrði –** Á ekki við.
   a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta)
   b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja)
   c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd
   d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda samkeppni með virkum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)

## D. Önnur áhrif

1. **Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.** – Engin

áhrif.

– Ath. að skylt er að leggja slíkt mat fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og tilkynna niðurstöðu máls til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins

2. **Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).** – Engin áhrif.

   – Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011

3. **Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.** – Engin áhrif.

   – Ath. tilkynningarskyldu til ESA með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011

4. **Áhrif á byggðalög.** – Engin áhrif.
5. **Áhrif á frjáls félagasamtök. –** Engin áhrif.
6. **Áhrif á jafnrétti kynjanna.** – Engin áhrif.

   – Sjá leiðarvísi fyrir mat á jafnréttisáhrifum

7. **Áhrif a lýðheilsu**. Gæti hugsanlega bætt heilsu þeirra hópa sem hafa orðið fyrir misgjörðum hins opinberra eða einkaaðila á þeirra vegum og fá með hinni fyrirhuguðu lagasetningu farveg til að leita réttar síns með greiðslu bóta og viðurkenningu á misgjörðum þegar öll önnur réttarúrræði eru tæmd.
8. **Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.** – Engin áhrif.
9. **Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.** – Engin áhrif.
10. **Áhrif á stjórnsýslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.** – Þegar er fyrir hendi mannafli í dómsmálaráðuneytinu til að sinna frumrannsókn á umsóknum. En skipa þarf alls tíu aðila í annars vegar matsnefndsanngirnisbóta og hins vegar sanngirnisbótanefnd.
11. **Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.** – Hin fyrirhugaða lagasetning skapar tækifæri til þá hópa fólks sem orðið hafa fyrir varanlegum skaða vegna misgjörða hins opinbera eða einkaaðila á þeirra vegum til að fá viðurkenningu á misgjörðunum og bætur vegna þeirra. Það ætti að vera lóð á þá vogarskála að hafa jákvæð áhrif á stöðu þeirra sem hafa sætt slíkum misgjörðum sem hefur hugsanlega skaðað aðra möguleika þeirra til að blómstra í lífinu.
12. **Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.** – Engin áhrif.

## E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. **Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.**

   Hin fyrirhugaða lagasetning mun auka kostnað ríkissjóðs vegna greiðslu bóta en ekki er hægt að leggja mat á umfang þess kostnaðar á þessu stigi. Þó má búast við að þar sem lagasetningin gerir ráð fyrir að hámarks bótafjárhæð sé óveruleg (væntanlega í mörgum tilfellum hlutfallsleg) og þar sem ekki verður þá þörf á stórum, tímafrekum og fjárhagslega dýrum rannsóknum varðandi tiltekna hópa, verðir kostnaður af lagasetningunni í lágmarki.

   Ekki er nauðsynlegt að auka mannafla í dómsmálaráðuneytinu enda er þegar í ráðuneytinu að finna mannafla sem sinnir málefnum sanngirnisbóta. Þá þarf alls að greiða laun tíu nefndarmanna sem skipa þarf í matnefndsanngirnisbóta og sanngirnisbótanefnd, verði hin fyrirhugaða lagasetning að lögum.

2. **Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.**
3. **Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat)**

   Búast má við verulegum samfélagslegum ávinningi verði hin fyrirhugaða lagasetning að

| |
|---|
| lögum enda stendur hún til þess að bæta stöðu viðkvæmra þjóðfélagshópa sem orðið hafa fyrir skaða vegna misgjörða opinberra aðila og einkaaðila á þeirra vegum. |
| **F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati** |
| 1. **Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?** Já.<br>2. **Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?** Já**.**<br>3. **Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?** |